

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

30. nóvember 2016

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Við látum hér fylgja nokkrar dagsetningar á jólaundirbúningi hjá okkur.

Fimmtudagur 1. desember

Dagur íslenskrar tónlistar verður haldinn hátíðlegur 1. desember. Að venju mun þjóðin svo syngja saman þrjú lög klukkan 11:15, en þá verður lögunum útvarpað og munum við taka þátt eins og undanfarin ár. Lögin í ár eru "Vísur Vatnsenda-Rósu", "Sautjánþúsund sólargeislar" úr Bláa hnettinum og "Hver á sér fegra föðurland". Við notum tækifærið og syngjum nokkur jólalög í leiðinni. Þegar söngnum er lokið munu nemendur skólans skreyta skólastofur sínar og skólann.

Helgileikurinn

Sunnudaginn 4. desember kl.14:00 munu nemendur 1. – 7. bekkjar flytja helgileikinn í Hofsóskirkju.

Opið hús 1. – 6. bekkur

Þriðjudaginn 6. desember verður opið hús fyrir nemendur 1. – 6. bekkjar. Stefnt er að því að byrja strax að skóla loknum kl.13:50 og endar opna húsið kl.15:20. Hefðbundinn skólaakstur verður að loknu opnu húsi.

Aðrar dagsetningar

- Jólavakan 15. desember
- Litlu jólin 16. desember
- Jólafri 17. desember

Þessum viðburðum verða gerð betri skil síðar.

Fjáröflun nemendafélags skólans

Sala á jólarósum

Nú eru krakkarnir í nemendafélginu með fjáröflun í gangi og eru þau að selja jólarósir frá Garðyrkjustöð Ingibjargar Sigmarsdóttur í Hveragerði. Nemendur skólans ætla að selja blómin í Skagfirðingabúð á Sauðárkróki eftir kl.15 föstudaginn 2. desember.

Blómin kosta einungis 1500 kr. og þið getið haft samband við skólann, eða á johanna@gsh.is ef þið viljið kaupa.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi